

17. fundur í Samráðsnefnd Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar, mánudaginn 20. apríl 2009 í fundarsal bæjarstjórnar Vesturbyggðar kl. 17:00

Mættir: Guðni Ólafsson varamaður Eyrúnar Ingibjargar Sigþórsdóttur formanns sem er í leyfi frá störfum, Bragi Geir Gunnarsson, Úlfar Thoroddsen sem stýrði fundi, Arnheiður Jónsdóttir, Þorlður G. Ingimundardóttir, Olga Möller settur sveitarstjóri í Tálknafirði og Ragnar Jörundsson bæjarstjóri Vesturbyggðar sem jafnframt ritaði fundargerð.

**Dagskrá:**

1. Fundargerð 16. fundar samráðsnefndar.  
Fundargerðin lögð fram. Áður undirrituð.
2. Fundargerð fundar um héraðsskjalasafn í Barðastrandarsýslu.  
Lögð fram fundargerð fundar um héraðsskjalasafn sem haldinn var á Reykhólum 25. mars 2009. Engar ákvæðanir voru teknar. Samráðsnefnd óskar eftir því við Alvest að starfsmaður bess taki saman upplýsingar til bess að koma héraðsskjalasafni af stað, h.e. húsnæðispjörf, stofnkostnað og annan rekstrarkostnað. Samantektin liggi fyrir, fyrir 1. sept. 2009.
3. Staða Lögreglusambykktar Vestfjarða.  
Samráðsnefnd óskar eftir því að Lögreglustjórimm á Vestfjörðum mæti til fundar á svæðið eins og til hefur staðið um nokkurn tíma og fari yfir þetta mál o.fl. með fulltrúum sveitarfélagana.
4. Fundargerð 72. fundar Minjasafnsins að Hnjóti.  
Lögð fram. Engar athugasemdir gerðar.
5. Greinargerð safnstýru MEÓ að Hnjóti.  
Greinargerð safnstýru lögð fram. Samráðsnefnd felur formanni að boða fulltrúa sveitarstjórnana í stjórn safnsins, til fundar í mai n.k.
6. Tilboð i lbið Styrktarsjóðs Einars Bjarnasonar að Aðalstræti 90.  
Samráðsnefnd sér sér ekki fiert að taka þessu tilboði. Um opinbera eign er að ræða og telur rétt að auglýsa eignina til með vísan til góðrar stjórnsýslu.
7. Breiðasjarðarnefnd, árangur og gagnsemi fyrir okkar svæði.  
Farið yfir stöðu mála.
8. Staða samstarfsverkefna.
  - a) Barnaverndarnefnd.  
Skv. upplýsingum frá félagsmálafulltrúa Vesturbyggðar sem sinnir þessum málauflokkum í báðum sveitarfélögum, gengur samstarfið vel.
  - b) Eldvarna- og slökkvilið.  
Lagðir fram tölvupóstar frá slökkviliðsstjóra þar sem hann gerir grein fyrir samskiptum milli sveitarfélagana í þessum málauflokkum. Hann telur að samstarf hafi gengið vel.
  - c) Umsjón launareiknings.  
Umsjón launabókhalds Tálknafjarðarhrepps hefur verið ljá Vesturbyggð og hefur gengið með ágætum.
  - d) Siglingavernd.  
Sama og liður b)
  - e) Framtíðin- sameiginleg hagsmunamál.  
Spurning kom upp um sameiningu sveitarfélagana. Nefndin er sammála um að ræða verði möguleika á sameiningu. Skiptar skoðanair voru um tímasetningu. Hugmyndin verð rædd aftur í haust.
9. Önnur mál.  
Engin

Fleira ekki tekið fyri. Fundi slitið kl. 19:05